

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við netverslunina Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýr ágreiningur aðila að því að álitsbeiðandi pantaði umtalsvert magn af vörum af seljanda, en hefur ekki fengið hluta þeirra afhentan. Þá hefur álitsbeiðandi ekki fengið afhenta reikninga fyrir kaupunum.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á vörum fyrir um kr. 250.000 skv. því sem fram kemur í álitsbeiðni. Að sögn álitsbeiðanda fékk hún hluta af vörunum ekki afhentan og nemur kaupverð þeirra um kr. 60-70.000. Enginn reikningur hefur verið gefinn út vegna viðskiptanna og krefst álitsbeiðandi þess einnig að það verði gert. Gögn málsins, sem samanstanda af álitsbeiðni og afriti af tölvupóstsamskiptum aðila, voru send seljanda til andsvara hinn 7. mars sl. en engin andsvör hafa borist, né frekari gögn. Að mati kæruneftndarinnar er nauðsynlegt, eigi nefndin að geta tekið efnislega afstöðu til ágreinings aðila með álitsgerð, að umræddir reikningar vegna viðskiptanna liggi frammi. Kæruneftndin hefur engin úrræði til að knýja fram afhendingu þeirra reikninga og seljandi hefur ekki sinnt því að koma þeim gögnum á framfæri við nefndina, en það er á færi hans eins. Á 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa þannig ekki við í málinu, en skv. þeirri grein er nefndinni upplagt að veita álitsbeiðanda í máli fyrir nefndinni 10 daga frest til að bæta úr ágöllum á álitsbeiðni, telji nefndin að gögn málsins uppfylli ekki kröfur sömu reglugerðar.

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa ber kæruneftndinni því að vísa álitsbeiðni þessari frá sér.

Er þó rétt að taka fram að skv. 20. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er seljendum vöru, að viðlagði refsingu, skylt að gefa út reikning fyrir hverri sölu.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður